

Íslenska sem annað tungumál - 1. stig

Skilningur - Hlustun

- Skilur einfaldan orðaforða sem varðar hann sjálfan, skólann, fjölskylduna og áhugamál.
- Skilur einfaldar leiðbeiningar í kennslustund.
- Hlustar og tekur eftir.

Skilningur - Lestur

- Þekkir íslenska stafrófið og íslensku máhljóðin.
- Getur lesið og skilið einföld orð og setningar.
- Æfir lestur.

Tjáning - Talað mál, samskipti og frásögn

- Æfir talað mál.
- Getur beðið um aðstoð.
- Getur kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig.
- Kann grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: getur nefnt orð yfir hluti, liti, fólk, daga, tölur og dýr og einfaldar setningar um daglegar athafnir.
- Getur lýst hlut með einföldum orðum og undirbúningi.

Tjáning - Ritun

- Getur skrifað stafrófið.
- Getur skrifað nafn sitt, heimilisfang og nafn skólans.
- Getur skrifað einstök orð og setningar.

Íslenska sem annað tungumál - 2. stig

Skilningur - Hlustun

- Skilur einföld samtöl.
- Skilur leiðbeiningar og fyrirmæli í kennslustundum.
- Æfir orðaforða námsgreina.

Skilningur - Lestur

- Getur lesið og skilið texta úr námsefni með stuðningi hjálpargagna.
- Getur getið sér til um merkingu einstakra orða út frá samhengi í einföldum texta.
- Getur fylgt söguþræði í stuttum sögum og frásögnum á einföldu máli.

Tjáning - Talað mál, samskipti og frásögn

- Getur tekið þátt í samtölum og umræðum.
- Getur spurt einfaldra spurninga.
- Getur svarað spurningum.
- Æfir sig í að segja frá.
- Getur sagt frá líðan.
- Getur átt samskipti við aðra um námsefnið.
- Getur útbúiði stutta kynningu.

- Getur lýst fólki, stöðum og hlutum á einfaldan hátt.

Tjáning - Ritun

- Getur skrifað einfalda texta sem aðrir skilja.
- **Getur skrifað stuttar lýsingar.**
- **Getur svarað spurningum skriflega**
- **Getur búið til stutta kynningu.**
- Getur skrifað stuttar, einfaldar frásagnir.
- Æfir málfræði og réttitun.

Íslenska sem annað tungumál - 3. stig

Skilningur - Hlustun

- Skilur nokkuð auðveldlega daglegar samræður.
- Skilur megininntak í umræðum og fræðslu í tengslum við námið.
- **Er kominn með nokkuð góða þekkingu á námsorðaförða námsgreina.**

Skilningur - Lestur

- Getur lesið námsbækur sér til gagns.
- **Getur fundið lykilupplýsingar í texta til að leysa verkefni.**
- **Getur lesið langar sögur.**

Tjáning - Talað mál, samskipti og frásögn

- Getur tekið þátt í löngum samræðum og umræðum.
- **Getur sagt frá í smáatriðum.**
- **Getur sagt frá líðan og skoðunum.**
- **Getur undirbúið og flutt kynningu á efni.**

Tjáning - Ritun

- **Getur skrifað samfelldan texta.**
- **Getur skrifað námsritgerðir.**
- **Getur skrifað samfellda sögu með upphafi, atburðarás og sögulokum.**
- Hefur öðlast grunn í íslenskri málfræði og beitir henni í ritun.